

Alþingi  
Erindi nr. P 141/939  
komudagur 10.12.2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. des. 2012

*501. mál*  
Málefni: Athugasemdir Lögmannafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki o.fl.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki o.fl. (501. mál). Með bréfi þessu vill Lögmannafélag Íslands gera athugasemdir við tvær greinar í frumvarpinu, en um er að ræða 7. og 11. gr.

Með bréfi félagsins til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 23. feb. 2012 var vakin athygli ráðuneytisins á skerðingu á atvinnufrelsi lögmanna sem fælist í 4. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. og 4. mgr. 101. gr. sömu laga. Bréfi LMFÍ var svarað með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. júlí 2012. Því bréfi var svarað af hálfu LMFÍ með bréfi dags 23. ágúst 2012, þar sem sjónarmið félagsins voru ítrekuð. Í framhaldi af því bréfi hafa fulltrúar félagsins átti fundi og verið í samskiptum við ráðuneytið um væntanlegar breytingar.

Þann 22. október sl. barst félaginu tölvupóstur frá ráðuneytinu þar sem kynnt var ný tillaga að orðalagi 5. mgr. 52. gr. og breytingu á lokamálslið 4. mgr. 101. gr. laganna og óskað eftir athugasemdum frá LMFÍ. Hin nýja tillaga var eftirfarandi:

Ný 5. mgr.

þrátt fyrir ákvæði 2. málsli. 4. mgr. 52. gr. getur stjórnarmaður sem er lögmaður unnið lögmannsstörf fyrir annað fjármálafyrirtæki þegar um er að ræða störf vegna:

- löginnheimtu gjaldfallinna peningakrafna,
- skipulags- og byggingarmál,
- ágreinings er fellur undir lög nr. 40/2002 um fasteignakaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup,
- skaðabótaábyrgðar utan samninga.

Nýir lokamálsli. 4. mgr. 101. gr.

Ákvæði 2. mgr., 4. málsli. 3. mgr., 4. mgr. til 7. mgr. 52. gr. gilda einnig um þá menn sem sæti eiga í slitastjórn eða bráðabirgðastjórn fjármálafyrirtækis. Ákvæði 2. málsli. 4. mgr. 52. gr. gildir þó ekki um lögmenn sem sæti eiga í slitastjórn fjármálafyrirtækis sem skilað hefur inn starfsleyfi sínu og öllum eignum fjármálafyrirtækisins hefur verið ráðstafað til annars fjármálafyrirtækis samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins sem tekin var með stoð í þessum lögum, þannig að einu eignir fjármálafyrirtækis í slitameðferð eru kröfur á önnur fjármálafyrirtæki vegna þeirra eigna sem ráðstafað var.

Þann 24. október sl. svaraði LMFÍ ráðuneytinu á þá leið að ekki væru gerðar athugasemdir við framangreindar breytingatillögur þó félagið hefði í upphafi stefnt að því að fá enn frekari réttarbætur. LMFÍ reiknaði með að framangreindar breytingar rötuðu óbreyttar inn í hið nýja frumvarp. Sú varð hins vegar ekki raunin heldur hafa verið gerðar verulegar breytingar á ákvæðunum, án þess að leitað hafi verið umsagnar LMFÍ og er félagið ósátt við það verklag.



Lögmannafélagið gerir það að tillögu sinni að breytingar þær sem kynntar voru félaginu með tölvupósti þann 22. október sl. verði lagðar til grundvallar við breytingar á 4. mgr. 52. gr. og lokamálsliðum 4. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Þar sem um er að ræða mikilvæg atriði, er snertir atvinnufrelsi lögmannna, óskar félagið eftir því að koma á fund nefndarinnar og kynna nánar sjónarmið sín.


Virðingarfyllst,

**Lögmannafélag Íslands**

  
Ingimar Ingason, framkv.stj.

Fylgiskjöl:

1. Bréf LMFÍ til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 23. feb. 2012.
2. Bréf efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til LMFÍ, dags. 5. júlí 2012.
3. Bréf LMFÍ til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 23. ágúst 2012.



# Lögmannafélag Íslands

Det Islandske Advokatsamfund  
The Icelandic Bar Association

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið  
Helga Jónsdóttir, ráðuneytisstjóri.  
Þóra M. Hjaltsted, skrifstofustjóri.  
Skuggasundi 3  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2012

Málefni: Skerðing atvinnufrelsis lögmanna með 4. mgr. 52. gr. laga um fjármála fyrirtæki nr. 161/2002 (fftl), sbr. og 4. mgr. 101. gr. sömu laga.

Lögmannafélag Íslands leyfir sér með bréfi þessu að gera alvarlegar athugasemdir við þá skerðingu á atvinnufrelsi lögmanna sem fram kemur í 4. mgr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. og 4. mgr. 101. gr. sömu laga.

Ákvæði 4. mgr. 52. gr. ffl er svohljóðandi:

*"Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er í nánnum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánnum tengslum við hann. Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis."*

Með 2. gr. laga nr. 78/2011 var eftirfarandi málslið um hæfi slitastjórnarmanna bætt inn í 4. mgr. 101. ffl.:

*"Þeir menn sem eiga sæti í slitastjórn eða bráðabirgðastjórn skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. másl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr."*

Lögmannafélag Íslands telur að ákvæði 4. mgr. 52. gr. ffl., sem meinar lögönnum sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis að sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki, brjóti gegn stjórnarskrárvörðu atvinnufrelsi lögmanna samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944.

Lögmannafélagið telur að með lögfestingu þessa ákvæðis hafi verið brotið gegn meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar. Í því sambandi má benda á að í lögskýringargögnum með tilgreindum lögum er hvergi að finna rökstuðning fyrir því að takmarka réttindi lögmanna umfram aðrar starfsstéttir til setu í stjórnnum fjármálafyrirtækja, en takmörkunin beinist til að mynda ekki að þeim starfsstéttum sem sinna ráðgjöf eða koma að viðskiptum við fjármálafyrirtæki. Í þessu samhengi er rétt að benda á að endurskoðendur, sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis, mega sinna öðrum störfum en endurskoðun fyrir önnur fjármálafyrirtæki, en alkunna er að stór hluti starfa endurskoðunarfyrtækja er ýmiskonar fjármála- og viðskiptaleg ráðgjöf.

Réttur til atvinnu er verndaður af ákvæði 75. gr. stjórnarskrá Íslands, sem kveður á um að öllum sé fjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Í ákvæðinu segir að þessu frelsi megi þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Samkvæmt þessu er óheimilt að takmarka stjórnarþátttöku lögmanna í fjármálafyrirtækjum nema að ríkar ástæður séu til

Þess í þágu hagsmuna almennings. Því fer hins vegar fjarri að almannahagsmunir krefjist viðlíka takmarkana og umrætt ákvæði felur í sér hvaða störf lögmanna varðar.

Það er mat Lögmannafélagsins að framangreind ákvæði laga nr. 161/2002 gangi gegn meðalhófsreglu stjórnskipunarréttarins sem felur í sér að einungis sé heimilt að skerða mannréttindi 1) að heimildir séu til þess í stjórnarskrá, 2) að skerðingin sé nauðsynleg til að ná viðurkenndu markmiði í lýðræðisþjóðfélagi og 3) að skerðingin sé vægasta úrræðið sem völ er á til að ná hinu viðurkennda markmiði.

Eins og áður segir verður ekki ráðið af lögskýringargögnum hvaða almannahagsmuni löggjafinn telur liggja fyrir sem geri kröfu um að atvinnufrelsi lögmanna sé takmarkað með þeim hætti sem gert er. Þá verður heldur ekki sé séð að þessi takmörkun feli í sér vægasta úrræðið sem löggjafinn gat beitt til að vernda viðurkennda almannahagsmuni, sé á annað borð fallist á að slíkir almannahagsmunir hafi verið fyrir hendi. Ómögulegt er að sjá samhengi milli þess að lögmaður sitji í stjórn fjármálafyrirtækis og þess að sinna lögmannstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Verður því ekki annað séð en takmörkunin á aflahæfi lögmanna sé ómálefnaleg og að ekkert vegið hagsmunamat liggi að baki, líkt og meginreglan um meðalhóf stjórnskipunarréttar kveður á um. Í þessu sambandi má benda á dóm Hæstaréttar Íslands í málinu 220/2005 - JT International S.A. o.fl. gegn íslenska ríkinu, þar sem segir m.a. um mat á því hvort meðalhófs hafi verið gætt við setningu laga sem bönnuðu sýnileika tóbaks á útsölustöðum:

*„Við úrlausn um það hvort meðalhófs hafi verið gætt með setningu 6. mgr. 7. gr. laga nr. 6/2002 verður að meta hvort það hafi verið virt við beitingu úrræða miðað við þá hagsmuni, sem í húfi voru, og hvort beitt hafi verið vægasta úrræðinu, sem að gagni kæmi. Þótt fallist sé á að viss hvatning til að kaupa tóbak geti falist í því að stilla vörinni upp á sölustað, hefur ekki verið sýnt fram á nauðsyn þess að ganga svo langt, sem gert var, með því að leggja að jöfnu alla sölustaði tóbaksvöru að þessu leyti. Þó að heimilt geti verið að setja skorður við því að tóbak sé haft sýnilegt þar sem aðrar vörur eru aðallega til sölu, gildir ekki hið sama um verslanir, þar sem helst eiga erindi þeir, sem vilja kynna sér tóbak og kaupa það. Hefur áður verið vikið að því að um er að ræða löglega starfsemi aðaláfrýjenda og hvernar verndar hún nýtur. Verður að leggja til grundvallar niðurstöðu að með algjöru banni 6. mgr. 7. gr. laga nr. 6/2002 við að sýna tóbak á sölustöðum hafi löggjafinn farið út fyrir þau mörk, sem 75. gr. og 73. gr. stjórnarskrár setja. Verslun aðaláfrýjandans Sölva er sérverslun fyrir tóbaksvörur og auðkennd sem slík. Getur þá ekki ráðið úrslitum þótt þar muni að auki einhverjar aðrar vörur vera boðnar til sölu, sem þó hefur ekki verið skýrt neitt frekar í málinu. Verður 1. kröfuliður aðaláfrýjenda samkvæmt öllu þessu tekinn til greina.“*

Samkvæmt þessum dómi ber íslenska ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að nauðsynlegt hafi verið að ganga svo langt í takmörkuninni sem raun ber vitni. Takist sú sönnun ekki teljist löggjafinn hafa farið út fyrir þau mörk sem 75. gr. stjórnarskrárinnar setur. Telur Lögmannafélagið að slíkt eigi við varðandi þá takmörkun sem fram kemur í 4. mgr. 52. gr. ffl.

Þá virðist 2. gr. laga nr. 78/2011 ganga enn lengra í ómálefnalegri takmörkun á starfsemi lögmanna með því að binda setu í slitastjórn eða bráðabirgðastjórn, sömu takmörkunum og setu í fjármálafyrirtæki með starfsleyfi. Telur Lögmannafélagið augljóst að slit á félögum, sem misst hafa starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki, geti ekki með neinum hætti skarast við setu í stjórn fjármálafyrirtækis eða lögmannsstarfa í þágu fjármálafyrirtækja. Lítur félagið svo á að seta í slitastjórn fyrrum fjármálafyrirtækis sé í eðli sínu til skiptastjórn, þ.e. að fullnusta eignir

félags og skipta þeim milli kröfuhafa, en þetta verkefni snertir á engan hátt rekstur félags sem hefur starfsleyfi og starfar sem fjármálafyrirtæki á almennum samkeppnismarkaði.

Lögmannafélag Íslands telur að áhrif ákvæðis 4. mgr. 52. gr. ffl. geti einnig haft í för með sér margvíslegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálamarkaðinn í heild sinni, sem frumvarpshöfundar hafi ekki gaumgæft og því sé nauðsynlegt að lagfæra ákvæðið. Sem dæmi um tilvik sem komið hafa upp í þessu sambandi má nefna eftirfarandi:

- Af bankahruninu verður m.a. dreginn sá lærdómur að mikilvægt sé að í stjórnir fjármálafyrirtækja veljist einstaklingar með haldgóða lögfræðipækkingu og reynslu af viðskiptum á fjármálamarkaði, enda er regluverk fjármálafyrirtækja flókið og sérhæft. Takmörkun á atvinnufrelsi lögmannna leiðir beinlínis til þess að lögmenn veigri sér við að taka sæti í stjórnnum fjármálafyrirtækja þar sem það leiðir til þess að þeir geti ekki unnið lögmannsstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki á sama tíma. Þetta gerir það að verkum að erfiðara verður að manna stjórnir fjármálafyrirtækja með hæfum mönnum, sem hlýtur að vera til tjóns fyrir fjármálamarkaðinn í heild sinni. Slíkt er óæskilegt, enda leiðir það til þess að viðkomandi stjórnir verða veikari.
- Af einstökum dæmum má nefna að lögmaður hóf vinnu við mjög stórt og flókið mál fyrir fjármálafyrirtæki og var málið þingfest í september 2010. Nærri ári síðar eða þann 28. júní 2011 tók lagabreytingin gildi varðandi slitastjórnarmenn og tekur hún til viðkomandi lögmanns sem einnig situr í slitastjórn fyrrum fjármálafélags. Málið er nú til meðferðar hjá Hæstarétti og stendur viðkomandi lögmaður frammi fyrir því að þurfa að segja sig frá málinu að kröfu FME, verði ekki gerðar breytingar á lögnum, en ella segja sig úr slitastjórninni. Ljóst er að sú ráðstöfun að segja sig frá málinu eða segja sig úr slitastjórninni mun valda verulegum vandræðum sem og auknum kostnaði fyrir hlutaðeigandi aðila. Segi lögmaðurinn sig frá dómsmálinu mun það væntanlega leiða til réttarspjalla fyrir umbjóðanda hans. Segi lögmaðurinn sig úr slitastjórninni ónýtist sú þekking sem til staðar er á málefnum þess félags og vinna í þess þágu. Í þessu tilviki eru engir hagsmunaárekstrar fyrir hendi vegna slitastjórnarstarfa viðkomandi lögmanns og aðkomu hans að dómsmálinu. Telur Lögmannafélagið það ekki standast að setja lög sem takmarka atvinnufrelsi lögmannna á þann hátt að þeir þurfi að segja sig frá málum fyrir umbjóðednur sína eða segja sig úr slitastjórnnum þegar fyrir liggur að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar.
- Lögmaður í slitastjórn var kosinn stjórnarformaður í tryggingafélagi fyrir gildistöku laga nr. 78/2011. Viðkomandi lögmaður stendur nú frammi fyrir því að þurfa að segja sig úr stjórn viðkomandi tryggingafélags fyrir lok kjörtímabilsins að kröfu FME þrátt fyrir að engir hagsmunaárekstrar séu fyrir hendi.<sup>1</sup> Hlutaðeigandi tryggingafélag er mjög ósátt við að viðkomandi lögmaður segi sig úr stjórn þess, m.a. vegna þess að umfangsmikil vinna hefur staðið yfir við undirbúning sölufærlis og ekki síður vegna fjölmargra annarra mála félagsins sem erfitt er að setja nýjan aðila inn í með stuttum eða engum fyrirvara.

Þá telur Lögmannafélag Íslands hin umdeildu lagaákvæði ganga gegn meginreglum um hæfiskilyrði í stjórnsýslu. Lögmenn sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis og starfa samtímis í þágu annarra fjármálafyrirtækja eru með lögnum gerðir almennt vanhæfir til setu í stjórn fjármála-

<sup>1</sup> Samkvæmt túlkun FME gildir viðbótarákvæði VIII í ffl. ekki um þá breytingu sem gerð var með lögum nr. 78/2011.

fyrirtækis, án tillits hvort vanhæfisskilyrði sé uppfyllt eða ekki. Slík lagasetning er óhófleg og í andstöðu við meginreglur stjórnsluréttar um hæfi til meðferðar mála. Í stjórnslurétti er almennt gerð sú krafa til sérstaks vanhæfis að fyrir liggi atvik sem gefi í ásýnd eða í reynd ástæðu til að draga í efa hlutlægni við afgreiðslu máls. Að öðru leyti gildir meginreglan um almennt neikvætt hæfi, sem kveður á um að það skuli metið á grundvelli tengsla og hagsmuna hlutaðeigandi einstaklings við ótiltekinn fjölda mála sem horfur eru á að lögð verði fyrir viðkomandi til úrlausnar, hvort starfi hans eða önnur atvik valdi því að hann teljist almennt vanhæfur til að fjalla um þá tegund mála. Tilgangur hinna almennu neikvæðu hæfisreglna er að varna því að ákveðinn einstaklingur taki við opinberu starfi ef horfur eru á að hann muni oft verða vanhæfur á grundvelli sérstakra hæfisreglna. Takmörkun á störfum lögmannna samkvæmt tilvísuðu ákvæði laga nr. 161/2002, væri því aðeins réttlætanleg ef ætla mætti að störf lögmannna í þágu eins fjármálafyrirtækis hefðu þau áhrif að lögmaður væri oftast en ekki vanhæfur sem stjórnarmaður í öðru fjármálafyrirtæki samkvæmt þeim reglum sem gilda um hæfi til meðferðar mála. Svo viðtækur skortur á almennu hæfi er fráleitt til að dreifa um lögmennt. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að almennt eru störf lögmannna í þágu fjármálafyrirtækja einhverskonar hagsmunagæsla eða fullnusta á kröfuréttindum sem eru af allt öðrum toga en stjórnarstörf í fjármálafyrirtæki. Lúta fyrirnefndu störfum að ákvörðunum sem tengjast almennri starfsemi fyrirtækjanna en hið síðarnefnda lýtur að almennu eftirliti með starfsemi félagsins s.s. það hlutverk er skilgreint í lögum um hlutafélög og fjármálafyrirtæki. Á þessu tvennu er grundvallarmunur. Það er því sáralítill hætta á að almenn lögmannsstörf í þágu eins fjármálafyrirtækis skarist við stjórnarstörf í þágu annars slíks fyrirtækis. Almennt viðtækt bann í lögum um fjármálafyrirtæki við því að lögmennt sinni lögmannsstörfum í þágu annarra fjármálafyrirtækja á sér þannig engan viðhlytandi grundvöll og er andstætt meginreglunni um meðalhóf við setningu laga sem skerða mannréttindi.

Lögmannafélag Íslands lítur svo á að engin áhætta sé því samfara að afnema áðurnefnd ákvæði að því leyti sem þau takmarka atvinnufrelsi lögmannna, þar sem þegar eru fyrir í löggjöf og siðareglum lögmannna, ákvæði sem tryggja að ekki verði um hagsmunaaðrekstra að ræða hvað varðar lögmannsstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki. Má í þessu sambandi benda á eftirfarandi ákvæði:

#### Lög um lögmennt nr. 77/1998 – 2. mgr. 22. gr.

*"Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormerki geti risið við rækslu starfans.*

#### Siðareglur lögmannna (Codex Ethicus).

*9. gr. "Lögmanni er skylt að gera skjólstæðingi sínum kunnugt hvaðeina, er kann að gera hann háðan gagnaðila eða gera tortryggilega afstöðu hans til gagnaðila, svo sem frændsemi, samstarf, fjárhagslega hagsmuni eða önnur slík tengsl."*

*11. gr. Lögmaður má ekki fara með hagsmuni tveggja eða fleiri skjólstæðinga í sama máli, þegar hagsmunir þeirra eru andstæðir eða veruleg hætta er á slíku. Ákvæðið hindrar þó ekki að lögmaður leiti sátta með deiluaðilum, með samþykki beggja.*

*Lögmaður skal jafnframt varast að taka að sér nýjan skjólstæðing, ef hagsmunir hans og þeirra skjólstæðinga lögmannsins, sem fyrir eru, fá ekki samrýmst eða hætta getur verið á slíku. Sama gildir um lögmennt sem hafa samstarf um rekstur lögmannsstofa eða reka lögmannsstofu í félagi."*

Lög um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002 55. gr. (Þátttaka stjórnarmanna í meðferð mála.)

Stjórn fjármálaþyrftækis skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð fyrirtækisins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

Stjórnarmenn fjármálaþyrftækis skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða

2. viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem ræðir um í 1. tölul. Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn fjármálaþyrftækis, eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Stjórn fjármálaþyrftækis er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, og þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur, sbr. 54. gr.

Lög um hlutafélög nr. 2/1995. 72. gr.

Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skyld er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.

Með vísan til þeirra athugasemda sem raktar eru hér að framan fer Lögmannafélag Íslands þess vinsamlegast á leit við ráðuneytið að það beiti sér fyrir því að verði lagt fram frumvarp á yfirstandandi þingi, með eftirfarandi breytingum á lögum nr. 161/2005:


A) Felldur verði út eftirfarandi málslíður úr 4. mgr. 52. gr. ffl.: „Stjórnarmenn fjármálaþyrftækis mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálaþyrftæki“

B) Felld verði út úr 4. mgr. 101. gr. ffl. vísan til setu í slitastjórn og ákvæðið hljóði svo eftir breytingu: „Þeir menn sem eiga sæti í bráðabirgðastjórn skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr.“

Fulltrúar Lögmannafélagsins eru tilbúnir til að funda með ráðuneytinu vegna þessa máls, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

F.h. Lögmannafélags Íslands



Brynjar Niélfsson, formaður.



Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.

Afrit: Fjármálaeftirlitið  
Gunnar Andersen, forstjóri.



Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9  
108 Reykjavík

EfNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 3 150 Reykjavík  
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161  
postur@evr.is evr.is

Reykjavík 5. júlí 2012  
Tilv.: EVR12020105/3.1

Efni: Erindi Lögmannafélags Íslands um 4. mgr. 52. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið vísar til erindis Lögmannafélags Íslands sem barst ráðuneytinu hinn 28. febrúar 2012. Í erindinu gerir Lögmannafélag Íslands athugasemdir við 4. mgr. 52. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Telur Lögmannafélagið að umræddar greinar brjóti m.a. gegn atvinnufrelsi lögmannna sbr. 75. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og meðalhófsreglu stjórnarskrár.

Með bréfi dagsett 14. mars 2012, var Lögmannafélaginu tilkynnt að efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefði óskað eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins sem eftirlitsaðila á fjármálamarkaði til álitaefnisins. Ráðuneytið sendi samdægurs bréf til Fjármálaeftirlitsins þar sem óskað var eftir afstöðu þess og barst ráðuneytinu svarbréf Fjármálaeftirlitsins hinn 17. apríl 2012. Með tölvupósti hinn 11. júní s.l. óskaði Lögmannafélagið eftir því að fá afrit af umræddu álit FME vegna erindisins og var það sent Lögmannafélaginu með tölvupósti 13. júní s.l. Í gær mættu fyrirvarsmenn Lögmannafélags Íslands á fund með ráðherra þar sem umrætt erindi var frekar rætt.

Ráðuneytið hefur farið yfir erindi Lögmannafélagsins og álit Fjármálaeftirlitsins á erindinu. Á komandi þingi er ráðgert að leggja fram frumvarp til breytinga á nokkrum ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þar á meðal VII. kafla laganna um stjórn og starfsmenn fjármálafyrirtækja. Líklegt er að breytingar verði gerðar á ákvæði 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki og ekki er útilokað að einhverjar breytingar verði gerðar á ákvæði 52. gr. sömu laga. Ráðuneytið mun vinna að því á komandi vikum að fara yfir fyrirhugaðar breytingar og mun ráðuneytið bjóða Lögmannafélaginu og Fjármálaeftirlitinu á fund í ráðuneytinu upp úr miðjum ágúst mánuði til að ræða breytingar.


Að lokum vill ráðuneytið biðjast velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins sem stafar af miklu verkefnaálagi í ráðuneytinu.

Fyrir hönd ráðherra

Valgerður Rún Ben.  
Valgerður Rún Benediktisdóttir

Leifur A. Skarphéðinsson  
Leifur Arnkell Skarphéðinsson





# Lögmannafélag Íslands

Det Islandske Advokatsamfund  
The Icelandic Bar Association

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið  
Valgerður Rún Benediktsdóttir.  
Leifur Arnkell Skarphéðinsson.  
Skuggasundi 3  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2012

**Málefni:** Erindi Lögmannafélags Íslands um 4. mgr. 52. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (fftl), sbr..

Um efnið vísast til fyrri bréfaskipta Lögmannafélagsins og efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, síðast bréf ráðuneytisins dags. 5. júlí s.l.

Lögmannafélag Íslands lýsir ánægju sinni með fyrirætlanir um breytingar á ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki á komandi þingi, svo sem upplýst er í bréfi ráðuneytisins sem og boð um þátttöku félagsins við undirbúning frumvarps þessa efnis. Lögmannafélagið telur mikilvægt að við fyrirhugaða endurskoðun laganna verði tekið tillit til sjónarmiða lögmanna, enda er hér um að ræða mikilsverð atvinnuréttindi, sem varin eru af 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Áður en formleg fundarhöld hefjast um inntak nauðsynlegra breytinga, leyfir Lögmannafélag Íslands sér að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sem kynnt voru á fundi með efnahags- og viðskiptaráðherra 4. júlí s.l.

Í fyrsta lagi telur Lögmannafélag Íslands að ákvæði 4. mgr. 52. gr. núgildandi laga gangi of langt hvað varðar útlökun lögmanna sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis til að sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Leggur félagið því til að 2. ml. tilvísaðrar mgr. verði felldur brott.

Rétt er að benda á að þegar umræddu ákvæði var bætt inn í lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með lögum nr. 75/2010, var því, eins og fram kemur í lögskýringargögnum, ætlað að takmarka hættu á hagsmunaárekstrum og orðsporsáhættu á fjármálamarkaði. Var í því samhengi sérstaklega vísað til krossstjórnarsetu, sbr. umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu. Lögmannafélagið gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þessa röksemdafærslu hvað krossstjórnarsetu lögmanna varðar og telur því að sá hluti ákvæðisins geti staðið óbreyttur. Hins vegar telur félagið hættuna á hagsmunaárekstrum vegna lögmannsstarfa fyrir önnur fjármálafyrirtæki samhliða stjórnarsetu í slíku fyrirtæki, stórlega ofmetna, enda flest hefðbundin lögmannsstörf í eðli sínu ólík stjórnarsetu í fyrirtæki.

Þá er það mat félagsins að svo almenn og víðtæk takmörkun sem endurspeglast í umræddu ákvæði eins og það hljóðar í dag, stangist á við stjórnarskrárvarið atvinnufrelsi lögmanna samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944. Er í því samhengi rétt að benda á að endurskoðendum sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækis, er samkvæmt ákvæðinu heimilt sinna öðrum störfum en endurskoðun fyrir önnur fjármálafyrirtæki, en alkunna er að stór hluti starfa endurskoðunarfyrirtækja er ýmiskonar fjármála- og viðskiptaleg ráðgjöf. Verður ekki séð að önnur sjónarmið eigi við um störf lögmanna sem taka sæti í stjórn fjármálafyrirtækis.



Jafnframt lítur Lögmannafélagið svo á að engin áhætta sé því samfara að afnema aðurneitt ákvæði að því leyti sem það takmarkar atvinnufrelsi lögmannna, þar sem þegar eru fyrir í lög-  
gjöf og siðareglum lögmannna, ákvæði sem tryggja að ekki komi til hagsmunaárekstra hvað  
varðar lögmannsstörf fyrir önnur fjármálafyrirtæki. Má í þessu sambandi vísa til ákvæða 2.  
mgr. 22. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998, auk 9. og 11. gr. siðareglna lögmannna. Einnig  
ákvæði 55. gr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 72. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag.

Lögmannafélag Íslands telur einnig að áhrif ákvæðis 4. mgr. 52. gr. ffl. geti haft margvíslegar  
neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir fjármálamarkaðinn í heild sinni, sem frumvarpshöf-  
undar hafi ekki gaumgæft og því sé nauðsynlegt að lagfæra ákvæðið. Hefur Fjármálaeftirlitið  
tekið undir þessa skoðun félagsins, en í bréfi eftirlitsins til efnahags- og viðskiptaráðuneyt-  
isins dags. 18. febrúar 2011, var athygli ráðuneytisins vakin á því að jafn viðtækt og fortaks-  
laust þann eins og raunin væri í 4. mgr. 52. gr., kynni að reynast óheppilegt þar sem æskilegt  
væri að lögfræðileg þekking yrði áfram til staðar í stjórnnum eftirlitsskyldra aðila.

Í öðru lagi leggur Lögmannafélag Íslands til að 3. ml. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr.  
2. gr. laga nr. 78/2011, verði felldur út. Telur félagið að vinna við slit á félögum, sem misst  
hafa starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki, geti ekki með neinum hætti skarast við setu í stjórn fjár-  
málafyrirtækis eða lögmannsstarfa í þágu fjármálafyrirtækja. Lítur félagið svo á að seta í slita-  
stjórn fyrrum fjármálafyrirtækis sé í eðli sínu skiptastjórn, sem lýtur að því að fullnusta eignir  
félags og skipta þeim milli kröfuhafa. Ekki verði séð að það verkefni snerti með nokkrum  
hætti rekstur félags sem hefur starfsleyfi og starfar sem fjármálafyrirtæki á almennum sam-  
keppnismarkaði.

Lögmannafélagið gerir ráð fyrir að fylgja eftir ofangreindum hugmyndum um breytingar á  
fundum með ráðuneytinu þegar þar að kemur.

Virðingarfyllt,

Lögmannafélag Íslands

  
Ingimar Ingason, framkv. stj.